

Borgarleikhúsið

Furðulegt háttalag - ★★★★★ - HA, DV

Furðulegt háttalag hunds um nótt (Stóra sviðið)

Fim 8/5 kl. 20:00	Fös 23/5 kl. 20:00	Fös 6/6 kl. 20:00
Fös 9/5 kl. 20:00	Lau 24/5 kl. 20:00	Lau 7/6 kl. 20:00 lokas
Sun 11/5 kl. 20:00	Lau 31/5 kl. 20:00	
Fim 22/5 kl. 20:00	Sun 1/6 kl. 20:00	

Ótvíraður sigurvegari Olivier Awards 2013.

BLAM (Stóra sviðið)

Pri 13/5 kl. 20:00 1.k	Lau 17/5 kl. 14:00	Fös 20/6 kl. 20:00 aukas
Mið 14/5 kl. 20:00 2.k	Sun 18/5 kl. 14:00 6.k	Lau 21/6 kl. 20:00 aukas
Fim 15/5 kl. 20:00 3.k	Sun 18/5 kl. 20:00 7.k	Sun 22/6 kl. 20:00 lokas
Fös 16/5 kl. 20:00 4.k	Fim 19/6 kl. 20:00 aukas	

Sýning ársins í Danmörku 2012, 6 Grímutilnefningar 2013. Aðeins þessar sýningar!

Dagbók Jazzsöngvarans (Nýja sviðið)

Fim 8/5 kl. 20:00	Lau 17/5 kl. 20:00	Lau 31/5 kl. 20:00
Fös 9/5 kl. 20:00	Lau 24/5 kl. 20:00	

Nýtt verk frá CommonNonsense sem færðu okkur Tengdó, Grímusýningu ársins 2012

Ferjan (Litla sviðið)

Pri 6/5 kl. 20:00 16.k	Pri 20/5 kl. 20:00 25.k	Lau 31/5 kl. 20:00 32.k
Mið 7/5 kl. 20:00 17.k	Mið 21/5 kl. 20:00 aukas	Sun 1/6 kl. 20:00 33.k
Fim 8/5 kl. 20:00 aukas	Fim 22/5 kl. 20:00 26.k	Pri 3/6 kl. 20:00 34.k
Fös 9/5 kl. 20:00 18.k	Fös 23/5 kl. 20:00 27.k	Mið 4/6 kl. 20:00 35.k
Sun 11/5 kl. 20:00 19.k	Lau 24/5 kl. 20:00 aukas	Fim 5/6 kl. 20:00 aukas
Mið 14/5 kl. 20:00 20.k	Sun 25/5 kl. 20:00 28.k	Fös 6/6 kl. 20:00 36.k
Fim 15/5 kl. 20:00 21.k	Pri 27/5 kl. 20:00 29.k	Lau 7/6 kl. 20:00 37.k
Fös 16/5 kl. 20:00 22.k	Mið 28/5 kl. 20:00 30.k	Mið 11/6 kl. 20:00 38.k
Lau 17/5 kl. 20:00 23.k	Fim 29/5 kl. 20:00 31.k	Fim 12/6 kl. 20:00
Sun 18/5 kl. 20:00 24.k	Fös 30/5 kl. 20:00 aukas	Fös 13/6 kl. 20:00

Fyrsta leikrit Kristínar Marju eins ástsælasta rithöfundarinnar

Hamlet litli (Litla sviðið)

Pri 6/5 kl. 10:00 *	Lau 10/5 kl. 13:00 **	Fim 15/5 kl. 10:00 *
Mið 7/5 kl. 10:00 *	Sun 11/5 kl. 13:00	Fös 16/5 kl. 10:00 *
Fim 8/5 kl. 10:00 *	Pri 13/5 kl. 10:00 *	Sun 18/5 kl. 13:00
Fös 9/5 kl. 10:00 *	Mið 14/5 kl. 10:00 *	

Harmsaga Hamlets fyrir byrjendur. * Skólasýningar. ** Táknmálstúkuð sýning

Der Klang Der Offenbarung Des Göttlichen (Stóra sviðið)

Mið 28/5 kl. 20:00 1.k	Fim 29/5 kl. 20:00 2.k	Fös 30/5 kl. 20:00 3.k
------------------------	------------------------	------------------------

Myndlistaverk fyrir svið eftir Ragnar Kjartanson. Tónlist Kjartan Sveinsson

Miðasala | 568 8000 | midasala@borgarleikhus.is

„Mamma, ég held að þetta sé ást“

AF LISTUM

Eyrún Magnúsdóttir
eyrun@mbl.is



Að upplifa leikhús með börnum getur bætt miklu við upplifun okkar fulloröna fólksins. Þegar ég fór með son minn á sjötta ári í leikhús á Sólheimum um helgina hvísluðumst við á meðan á sýningunni stóð og tálkuðum hvort á okkar hátt það sem var að gerast á sviðinu.

Leikfélagið á Sólheimum og leikfélag AFANIAS frá Madrid hafa í vetur átt með sér merkilegt samstarf. Hvor leikhópur hefur kynnt sér sögu og menningu þess lands sem hinn kemur frá. Úr þeirri rannsóknarvinnu vann svo hvor hópur sviðsverk. Leikfélagið á Sólheimum vinnur út frá verkinu um skóarakonuna dæmalausu eftir Federico García Lorca (1898-1936), eitt þekktasta leikskáld Spánverja, og úr verður frísklegt gamanverk.

Spænski hópurinn býður upp á dramatískt og fallegt dansverk innblásið af íslenskri sögu og náttúru.

Lorca og Skóarakonan nefnist verk leikfélagsins á Sólheimum, en Edda Björgvinsdóttir á heidurinn af leikgerð auk þess sem hún leikstýrir verkinu.

Húmorinn er í fyrirrúmi hjá Leikfélagi Sólheima og andi staðarins nær sterkt í gegn því sjálf Sesselja Sigmundsdóttir, stofnandi Sólheima, er látin skiptast á skoðunum við Lorca í drepfyndnu atriði. Í sýningu spænska hópsins ræður dulúðin ríkjum og dansararnir stíga á svið einn af öðrum og túlka ýmis náttúrufl, tilfinningar og annað sem hópurinn tengir við Ísland.

Bæði undirrituð og sonur hrifust af gamanleik Sólheimahópsins. Litrík leikmynd, innilegur látbragðsleikur og fjörug tónlist eiga sinn þátt í að gera verkið að ákjós-



Ljósmyndari/Pétur Thomsen

Gaman Lorca og skóarakonan er sýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld kl. 19.30.

» Sýning Leikfélags Sólheima og spænsks danshóps er einstök upplifun fyrir börn og fulloröna.

anlegu verki fyrir börn. Spænska dansverkið er heldur meira krefjandi fyrir unga áhorfendur, þótt fimi dansaranna hafi heillað undirritaða upp úr skónum. En þegar ungvíðir er farið að ókyrrast þarf oft að beita lagni svo allir haldist í sínu sæti út sýninguna. Við mæðginin fórum því þá leið að skiptast á skoðunum (með hvísli auðvitað til að trufla ekki) um það hvað við höldum að dansararnir væru að túlka hverju sinni. Til dæmis var

auðvelt að sjá hvenær þau voru undir áhrifum frá íslenskri veðráttu og túlkuðu rokið í dansi. En stundum var það ekki eins ljóst og þá giskuðum við til dæmis á að þau væru að túlka nóttina, þokuna, morguninn, vorið og fleira. Í miðju tilfinningabrugnu dansatriði hjá einum af dönsurum hvíslaði litli maðurinn: „Mamma, ég held að þetta sé ást“ og hélt svo áfram að horfa einbeittur á svip. Allir ættu að geta notið hinnar einstöku spænsk-íslensku sýningar sem sett verður upp í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Þessi hálfertuga móðir sem þetta ritar var allavega ekki svikin af hörkugamanleik Sólheimafólks og sá stutti gat gleymt sér í djúpum þælingum um túlkun tilfinninga í dansi. Upplifunin var einstök fyrir bæði tvö.

Togstreita í Hafnarborg

● Rósalind Gísladóttir og Antonía Hevesi á hádegistónleikum í dag ● Úr mezzósópran í dramatískan sópran

Söngkonan Rósalind Gísladóttir kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag kl. 12 ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara.

Yfirskrift tónleikanna er *Ástir og óvissa* og á efnið eru ariur eftir Bizet, Mascagni og Verdi.

„Ég er í raun búin að vera að skipta svoltið um fag,“ segir Rósalind. „Undanfarið hef verið að hoppa á milli þess að vera mezzósópran og sópran og þessi tónleikar verða blanda af því.“

Rósalind nam söng hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur í Söngskólanum í Reykjavík og hélt síðan til Spánar í framhaldsnám. Árið 2012 vann hún til fyrstu verðlauna í Barry Alexander International Vocal Competition, alþjóðlegri söngvakeppni, og söng í kjölfarið á tónleikum í Carnegie Hall í New York. Einnig tók hún þátt í verðlaunagjöfningi Ragnars Kjartanssonar, *Bliss*, á listahátíðinni Performa í New York 2011. Rósalind er meðlimur Óp-hópsins og hefur tekið þátt í yfir 30 tónleikum og sýningum á hans vegum, þar á meðal „Svari Maríu“, „Verdi og aftur Verdi“ og *Hans og Grétu* eftir Humperdinck þar sem hún fór með hlutverk Grétu. Rósalind hefur einnig tekið þátt í mörgum uppfærslum Íslensku óperunnar, nú síðast í óperunni *Ragnheiði* eftir Gunnar Þórðarson.

„Við byrjum á *Carmen*, aríu fyrir mezzósópran, en færum okkur síðan upp í hinn dramatíska sópran,“ segir Rósalind.



Morgunblaðið/Eggert

Skemmtilegt „Undanfarið hef ég verið að hoppa á milli þess að vera mezzósópran og sópran,“ segir Rósalind. Þær Antonía Hevesi koma fram á hádegistónleikum Hafnarborgar í dag og flytja ariur eftir Bizet, Mascagni og Verdi.

Að sögn söngkonunnar tengist efnið skráin yfirskrift tónleikanna, *Ástum og óvissu*. „Það er voða mikil togstreita í gangi hjá þessum persónum,“ segir Rósalind en þær persónur eru meðal annars Don Carlo og fleiri.

Aðspurð um ástæður þess að hún syngur bæði mezzósópran og sópran segir Rósalind að það sé bara þannig sem rödd hennar liggur. „Ég er akkúrat þarna á milli. Ég byrjaði sem mezzósópran og var oft að syngja svona skrautariur. Nýlega söng ég til dæmis aríu Næturdrottningarinnar á geisladisk en

sú aría er náttúrulega þekkt fyrir að fara hátt.“ Að sögn Rósalindar mun sá diskur fylgja barnabók sem kemur út í haust. „Ég er með ýmis verk efni í gangi, er það ekki nauðsynlegt hér á landi?“ spyr Rósalind en þær Antonía hafa áður starfað saman. „Við Antonía erum saman í Óp-hópnum. Ég er búin að vera þar frá upphafi en ég er ein af stofnendum hans.“

Um tónleikana í dag segir hún: „Þetta verður gífurlega skemmtilegt, svo skemmir ekki fyrir hvað allir tónleikar í Hafnarborg eru alltaf vel sóttir.“ *audura@mbl.is*

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

leikhusid.is

SPAMALOT – „alveg konunglega skemmtilegt bull“ Morgunblaðið

SPAMALOT (Stóra sviðið)

Fös 9/5 kl. 19:30 30.sýn	Lau 17/5 kl. 19:30 32.sýn	Lau 24/5 kl. 19:30 34.sýn
Lau 10/5 kl. 16:00 31.sýn	Sun 18/5 kl. 19:30 33.sýn	Sun 25/5 kl. 19:30 35.sýn

Fáránlega skemmtilegt! Síðdegissýning fyrir alla fjölskylduna þann 10.mái!

Svanir skilja ekki (Kassinn)

Mið 7/5 kl. 19:30 23. sýn	Lau 17/5 kl. 19:30 25.sýn
Fös 9/5 kl. 19:30 24. sýn	Sun 18/5 kl. 19:30 26.sýn

Nýtt verk eftir Auði Övu Ólafsdóttur um undarlegt eðli hjónabandsins.

Eldraunin (Stóra sviðið)

Fim 8/5 kl. 19:30 5.sýn	Fim 22/5 kl. 19:30 9.sýn	Fim 5/6 kl. 19:30 13. sýn
Sun 11/5 kl. 19:30 6.sýn	Fös 23/5 kl. 19:30 10.sýn	Fös 13/6 kl. 19:30 14. sýn
Fim 15/5 kl. 19:30 7.sýn	Mið 28/5 kl. 19:30 11. sýn	Lau 14/6 kl. 19:30 15. sýn
Fös 16/5 kl. 19:30 8.sýn	Sun 1/6 kl. 19:30 12. sýn	

Sýning sem enginn ætti að missa af. Sýningartímabil: 25.apríl til 14. júní.

Litli prinsinn (Kúlan)

Lau 10/5 kl. 14:00 Aukas.	Lau 17/5 kl. 14:00	Lau 24/5 kl. 14:00
Lau 10/5 kl. 16:00 Aukas.	Lau 17/5 kl. 16:00	Lau 24/5 kl. 16:00
Sun 11/5 kl. 14:00 13.sýn	Sun 18/5 kl. 14:00	Sun 25/5 kl. 14:00
Sun 11/5 kl. 16:00 14.sýn	Sun 18/5 kl. 16:00	Sun 25/5 kl. 16:00

Fimm stjörnu sýning fyrir áhorfendur á aldrinum 6 til 12 ára.

Áfram Mið-Ísland (Þjóðleikhúskjallarinn)

Fös 9/5 kl. 20:00	Fös 9/5 kl. 22:30
-------------------	-------------------

Ef hláturinn lengir lífið stefnir Mið-Ísland á ódauðleika!

Lorca og skógarkonan - Bergmál (Stóra sviðið)

Pri 6/5 kl. 19:30	
-------------------	--

Leikhúsið á Sólheimum og leikfélagið AFANIAS frá Spáni sýna í Þjóðleikhúsinu

551 1200 | HVERFISGATA 19 | LEIKHUSID.IS | MIDASALA@LEIKHUSID.IS

TJARNARBÍÓ

Fuglinn blái (Aðalsalur)

Pri 13/5 kl. 20:00	
--------------------	--

Leiklestur

Wide Slumber (Aðalsalur)

Lau 24/5 kl. 20:00	Sun 25/5 kl. 20:00	Mán 26/5 kl. 20:00
--------------------	--------------------	--------------------

Miða má nálgast hjá Listahátíð í Reykjavík

Danssýningin Death (Aðalsalur)

Fim 29/5 kl. 20:00	Fös 30/5 kl. 20:00
--------------------	--------------------

Stund milli stríða (Aðalsalur)

Fös 9/5 kl. 20:00	
-------------------	--

Tjarnargötu 12 | 101 Reykjavík | sími 527 2100 | tjarnarbio.is